

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hella



Reykjavík, 15. september 2014
Tilvísun: UST20140800076/ksj

Rangárþing ytra. Tillaga að deiliskipulagi við Fagurhól (áður Grásteinn 2).


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Fagurhóls, áður Grásteinn 2. Um er að ræða deiliskipulag á 100 ha landi Fagurhóls sem er norðan við Snjallsteinshöfða og austan Þjóðveggar 271. Deiliskipulag svæðisins er auglýst aftur þar sem deiliskipulag þess sem var samþykkt til auglýsingar 2001 hefur ekki hlotið lögformlegt samþykki.


Náttúruminjar

Á svæði Fagurhóls er mýrlendi og skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar og flóar 3 ha að stærð eða stærri, sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að votlendi á svæði Fagurhóls verði ekki raskað.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur